

Sp.

422. Tillaga til þingsályktunar

um þjóðleikhús og breytta meðferð á skemmtanaskatti.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að flytja á næsta reglulegu Alþingi frumvarp til laga um heimild til að leigja Leikfélagi Reykjavíkur þjóðleikhúsið, til fimm ára í senn, með tilteknum skilyrðum og að veita menntamálaráði heimild til að ráðstafa skemmtanaskattinum, eftir að lokið hefur verið við byggingu þjóðleikhússins og nauðsynlegum skipulagsbreytingum við það hús, á þann veg að styðja byggingar samkomuhúsa með leiksviði, þar sem þörf er mest, í sveitum, kaupúnum og kaupstöðum, og megi styrkur úr þessum sjóði nema allt að $\frac{3}{5}$ hlutum af byggingarkostnaði og dreifast þannig, að stuðningur fáið með þessum hætti til samkomuhúsa um allt landið.

Greinargerð.

Gera má ráð fyrir, að innan skamms verði lokið við byggingu þjóðleikhússins í Reykjavík. Verður það veglegasta samkomuhús, sem enn hefur verið reist hér á landi. Rúmar það um 800 gesti, en auk þess er þar mikill fjöldi annarra herbergja og minni sala til æfinga, miklar geymslur fyrir leiktjöld, búninga, bókasafn um leiklist o. s. frv. En þó að lokið sé aðalbyggingunni, þarf vegna hússins að ganga frá umhverfi þess, gera torg hinum megin við Hverfisgötu að Laugavegi og helzt að kaupa til niðurrifs hús Jóns heitins Magnússonar, sem þrengir of mjög að leikhúsinu. Þegar þessu er lokið, má afhenda leikhúsbygginguna því fólki, sem býr í höfuðstaðnum, til skipulegra afnota.

Tvær mismunandi skoðanir hafa komið fram um notkun skemmtanaskattsins, eftir að leikhúsbyggingunni í Reykjavík er lokið. Sumir málsvarar Leikfélags Reykjavíkur halda því fram, að skemmtanaskatturinn eigi framvegis að ganga óskiptur til rekstrar leikhússins, m. a. til að taka nú þegar um 20 leikara og allmarga aðra starfsmenn á föst laun. Mun fyrrverandi ráðherra, Brynjólfur Bjarnason, hafa hallazt að þessu fyrirkomulagi, eins og síðar verður vikið að. Hins vegar hafa tveir þingmenn í neðri deild, Sigurður Bjarnason og Ingólfur Jónsson, flutt frv. á þessu þingi, þar sem gert er ráð fyrir að verja nokkrum hluta skemmtanaskattsins til rekstrar leikhússins, en meiri hluta af tekjum sjóðsins til að byggja samkomuhús utan Reykjavíkur. Þar sem gerð verður tilraun á þessu þingi til að ráðstafa skemmtanaskattinum til langframa, þykir rétt að leggja fram gögn í málinu. Kemur þá fyrst til greina, hversu stofnað var til leikhúsbyggingar í Reykjavík og hvort þær aðgerðir benda í ákveðna átt um meðferð skemmtanaskattsins framvegis.

Indriði Einarsson skrifstofustjóri gerðist brautryðjandi um, að byggt yrði fullkomið leikhús í Reykjavík. Var hann sjálfur leikritaskáld, og í ætt hans hefur farið saman áhugi fyrir leikmennt og áberandi hæfileikar til leikstarfa. Ritaði Indriði Einarsson oft og mörgum sinnum hvatningargreinar um málið og óskaði einlæglega, að forráðamenn landsins og höfuðstaðarins sýndu stórhug í því að leysa þennan vanda. En hann kom hvarvetna að luktum dyrum. Mennt vildu gjarnan sjá sjónleiki, en ekki leggja fram fé eða vinnu til leikhúsgerðar. Aðeins einu sinni vottaði fyrir almenningsáhuga um leikhúsmál Reykjavíkur. Gerðust nokkrir menn í bænum, þar á meðal dr. Guðmundur Finnbogason, til að mynda félag um lóðakaup handa leikhúsi. Mun Oddfellowhúsið síðar hafa verið reist á þessari lóð, þegar sýnilegt var, að einskis stuðnings var að vænta frá leiðtogum Reykjavíkurbæjar og landsstjórninni við leikhúsgerð.

Meðan þessu fór fram, dafnaði leikmennt svo að segja hvarvetna á Íslandi. Í Reykjavík, öðrum kaupstöðum og í mörgum sveitum gengu sjálfbóðaliðar fram fyrir skjöldu og höfðu leiksýningar ár eftir ár. Komu víða fram ágætir leikarar, og eru nöfn þeirra, einkum úr Reykjavík, góðfræg um land allt. Má úr þeim hópi nefna Árna Eiríksson, Kristján Þorgrímsson, Gunnþórunni Halldórsdóttur, Friðfinn Guðjónsson, Guðrúnu Indriðadóttur, Stefaniu Guðmundsdóttur, Soffíu Guðlaugsdóttur, Jens Waage, Indriða son hans, Harald Björnsson og Gest Pálsson. Allir þessir leikarar gegndu borgaralegum störfum, forstöðu heimila, prentiðni eða verzlunar- og bankastörfum. Sjálfbóðaliðarnir í leikmennt landsins hafa unnið merkilegt verk. Er starfsemi leikfólksins svo vinsæl og metin, að naumast er nokkurs staðar á landinu byggt samkomuhús, svo að þar sé ekki leikpallur. Í sumum byggðum, t. d. í

Eyjafirði, hefur sveitafólkið stundað leikmennt heima fyrir jafnlengi og í sjálfum höfuðstaðnum. Reynslan sýnir, að íslenzka þjóðin ann leiklist og að hvar sem er á landinu og í öllum stéttum koma fram konur og karlar, sem hafa hæfileika til að taka þátt í leikmennt og eru fús til að leggja á sig í því efni mikla tómstundavinnu. Ýmis félög, sem reist hafa sér samkomuhús, hafa eftir föngum stutt að leiksýningum með því að haga félagsbyggingum sínum nokkuð eftir þörfum leiklistarinnar. En eins og vænta mátti, eru slíkar byggingar oftast gerðar af vanefnum. Það er reynt að sýna sjónleiki í fremur ófullkomnum samkomuhúsum í öllum kaupstöðum og flestum byggðum landsins. Með leikhúsbyggingunni í Reykjavík verður séð fyrir þörf höfuðstaðarins. Þá er komið að því vandamáli, hvort þar á að nema staðar, hvort Reykjavík á að fá fyrir sína leikstarfsemi glæsilegasta hús, sem enn hefur verið reist á Íslandi, byggt af framlögum alþjóðar, en síðan eigi að láta þann hluta þjóðarinnar, sem býr utan Reykjavíkur, hafa um alla framtíð til leiksýninga félagshúsnæði, eins og íslensk leikmennt hefur átt við að búa fram að þessum tíma. Forráðamenn þjóðarinnar verða nú að láta ganga dóm á Alþingi um það, hvort þeir telji betur henta þjóðinni að taka á föst laun nokkrar tylftir manna í Reykjavík eða verja skemmtanaskattinum til að létta undir með heppilegum byggingum fyrir leikmennt og aðra listræna starfsemi hvarvetna í landinu, þar sem íslenskt fólk býr og starfar.

Aðstaðan í þessu máli er sú, að þjóðin sýnir mikinn áhuga fyrir leikmennt og hefur góða hæfileika til að iðka þá listgrein. Aftur á móti hefur gætt lítillar framtaksssemi um að skapa leiklistinni viðunanleg lífsskilyrði. Indriði Einarsson flutti þjóðleikhúsboðskap sinn fyrir daufum eyrum. Þeir áhugamenn í Reykjavík, sem keyptu lóð undir leikhús í Reykjavík, höfðu mikla fjárhagsörðugleika af þessari framkvæmd og urðu síðar að gefast upp og selja lóðina til annarra þarfa. Leiksýningar hér á landi fá helzt húsnæði í samkomuhúsum iðnfélaga, templara eða ungmennafélaga. Hvergi hefur leikmenntaráhuginn verið á því stigi, að áhugamenn leiklistar hafi byggt sitt eigið hús til að iðka þessa list.

Leikhúsmálið komst inn á nýjar brautir veturinn 1922—1923 fyrir samtöl og samtök okkar Páls Steingrímssonar, síðar ritstjóra Vísis. Hann var áhugasamur um leikmennt, kvæntur einni kunnustu leikkonu landsins, frú Guðrúnu Indriðadóttur, og tengdasonur Indriða Einarssonar. Á heimili þeirra frú Guðrúnar Indriðadóttur og Páls Steingrímssonar var vakandi áhugi fyrir leikmennt og ekki sízt um að útvega leikfólkinu í Reykjavík þak yfir höfuðið við hjáverka- og áhugastarf þess. Það varð samráð okkar Páls Steingrímssonar að freista að leysa þennan vanda með því að fá Alþingi til að ákveða, að skemmtanaskatturinn skyldi lagður í sjóð til að byggja leikhús í Reykjavík. Í samtölum okkar Páls Steingrímssonar var aldrei vikið að rekstri þessa húss. Hin hörmulega aðbúð leikenda og áhorfenda í Iðnó hvatti okkur til aðgerða, en við leiddum aldrei hugann að því, að setja þyrfti allt leikfélagið á föst laun. Ég hef persónulega álitid það fjarstæðu og tel engar líkur til, að íslenska þjóðin geti leyft sér þá eyðslu fyrst um sinn að hafa allt áhugalið sitt á föstum launum. Lundúnabúar hafa öldum saman búið við það harðræði að láta leikmenntina í höfuðstað Bretaveldis standa á eigin fótum.

Samtöl okkar Páls Steingrímssonar leiddu til ósamningsbundins samstarfs um að fá skemmtanaskattinn til leikhúsbyggingar. Þar unnu saman tveir aðilar: Indriði Einarsson og fjölskylda hans og pólitískir vinir eins og Jakob Möller og Ólafur Thors. Hins vegar nokkrir samvinnumenn á þingi og utan þings. Liðsstyrkurinn var ekki mikill og undarlega samsettur: Fáeinir áhugamenn í Reykjavík og fulltrúar sveitanna á Alþingi. Af ástæðum, sem ekki skipta hér máli, þótti á þessum tíma ekki heppilegt að fjölyrða um samstarf okkar Páls Steingrímssonar. Tveir vinir okkar fluttu málið í neðri deild Alþingis 1923. Alþingi ákvað að leggja skemmtanaskattinn til leikhúsbyggingar í Reykjavík og að láta ókeypiss lóð á Arnarhólstúni undir húsið. Þriggja manna nefnd, stjórnskipuð og ólaunuð, skyldi, undir eftirliti ríkisstjórnarinnar, varðveita byggingarsjóðinn og standa fyrir leikhúsbygging-

unni. Sigurður Eggerz skipaði í nefndina Indriða Einarsson, Einar H. Kvaran og Jakob Möller, sem verið hafði fyrsti flutningsmaður frumvarpsins um þjóðleikhús og skemmtanaskatt. Indriði var formaður nefndarinnar og hafði brennandi áhuga fyrir framgangi leikhúsmálsins. Hin skyndilega breyting á viðhorfi Alþingis 1923 var honum jafnan gleðilegt undrunarefni. Árið eftir var reynt af áhugaliði kyrrstöðumanna í Reykjavík að ná nokkru af tekjum leikhúsbyggingarinnar til annarlegra þarfa. Var flutt frumvarp á Alþingi í því skyni. En áframhaldið varð eins og byrjunin. Fylgismenn Indriða Einarssonar og áhugamenn úr liði samvinnumanna tóku höndum saman og gátu hrundið árásinni. Leikhúsnefndin fékk því til leiðar komið, að Jón Magnússon bað Guðjón Samúelsson húsameistara að hefja viðbúnað um teikningu að leikhúsi í Reykjavík, og varð hann við þeirri ósk. Sú ráðstöfun varð hið mesta happ fyrir leikhúsmálið. Með langri og þrautseigri vinnu hefur Guðjóni Samúelssyni tekizt að gera leikhúsið á Arnarhóli að fegurstu byggingu á Íslandi og jafnfullkomið að allri gerð eins og það er svipmikið. Má það kallast furðulegt, að fyrsta leikhús Íslendinga skuli bera af öllum sams konar byggingum í Danmörku, þar sem Danir eru ekki einungis langtum fjölmennari og ríkari þjóð en Íslendingar, heldur byggja einnig í leikhúsagerð á margra alda þjóðmenningu. Indriði Einarsson gætti vel sjóðsins og taldi, ef svo má segja, dagana, þar til unnt yrði að hefja leikhúsbygginguna. En lítið bar á áhuga hjá öðrum leiklistarunnendum í landinu.

Skömmu eftir að ég tók við forstöðu menntamála í ráðuneyti Tryggva Þórhallssonar haustið 1927, varð það að samkomulagi með okkur Indriða Einarssyni og Guðjóni Samúelssyni húsameistara, að þeir skyldu fara til Norðurlanda með teikningarnar að leikhúsinu, sem gerðar höfðu verið, og bera þær saman við beztu fyrirmyndir í grannlöndunum í því skyni að hafa úr hverjum stað það, sem bezt var. Fóru þeir félagar utan á kostnað leikhússjóðs og komu víða við. Húsameistari breytti lítið eða ekki ytra útliti hússins frá því, sem hann hafði áður gert ráð fyrir, en tók hins vegar tillit til reynslu annarra um fjölmargt, er laut að innra skipulagi. Við Indriði Einarsson vorum sammála um að gera leikhúsið jafnfullkomið og kostur var á. Um reksturinn munum við hafa haft ólíkar skoðanir. Hann gerði ráð fyrir leikhúsinu sem ríkisstofnun. Ég vildi, að leikhúsið yrði samvinnufyrirtæki leiklistarmanna, að ríkið léti leikendur í Reykjavík fá húsið til afnota og skyldu þeir á eigin ábyrgð fara með rekstur þess. Fór þá eftir stjórn leikfélagsins á þessum málum og fjárhag höfuðstaðarþúa, hvenær til þess kæmi, að þar yrði fjölmenn og fastráðin leikarasveit. Skoðanamunur okkar Indriða Einarssonar hafði enga þýðingu meðan stóð á byggingu leikhússins, en snerti skipulagið á rekstri leikhússins, þegar það var fullbyggt.

Þegar fór að draga nær afmælisári Alþingis 1930, var sýnilegt, að kreppa var í aðsigi og að fjárvant mundi verða á næstu árum í sambandi við ýmsar framkvæmdir. Stóð leikhúsbyggingunni mikil hætta af þessu. Vildu margir taka leikhússjóðinn til ýmiss konar annarlegra framkvæmda, svo sem að byggja útvarphús eða til sjúkrahúsframkvæmda. Samhliða þessu byrjuðu háværar deilur um stað handa leikhúsinu. Þær deilur gátu auðveldlega leitt til þess, að byggingarframkvæmdum yrði frestað, og þá var jafnframt nokkurn veginn víst, að leikhúsið tapaði sjóði sínum og fjárvonum. Lagði ég þá fyrir byggingarnefndina að hefja framkvæmdir þegar í stað. Nefndin varð að velja þann stað, sem hún gat beztan fengið, og nota heimild Alþingis frá 1923 um lóð á Arnarhólstúni, ef ekki var vól annarra betri kosta. Guðjón Samúelsson var mjög óánægður með þennan stað, þar sem leikhúsið stendur nú. Leitaði hann með byggingarnefnd eftir hentugri stað fyrir leikhúsið. En hvar sem þeir félagar leituðu, komu þeir að lokuðum dyrum. Forráðamönnum bæjarins kom ekki til hugar að bjóða góða lóð ókeypis eða til sölu, af því að engin almenn velvild var á fyrirtækinu. Ekki varð heldur vart við, að forkólfar leiklistarinnar reyndu að hafa bætandi áhrif á bæjaryfirvöldin í þessu máli. Komst nefndin loks að þeirri niðurstöðu, að ekki væri annars kostur

en að byggja við Hverfisgötu ofan við Landsbókasafnið. Lét einn nefndarmanna í ljós þá skoðun, að vegna nálægðar við miðbæinn mætti telja vænlegt um aðsókn að þessum stað vegna leiksýninga og kvikmynda. Var nú hafizt handa og lokið við hinn geysimikla grunn og kjallara. Eyddust í þann hluta verksins um 200 þús. kr. Var okkur Indriða Einarssyni hughægra, þegar því verki var lokið, því að kjallarinn er, vegna leikhússparfa, með svo óvenjulegu sniði, að hann má kallast óhæfur til allra annarra nota. Næsta vor var svo hafizt handa um hina eiginlegu leikhúsbýggingu og húsið gert fokhelt en þá var þrotið fé byggingarsjóðs. Á hinn bóginn var einsætt, að leikhúsmálinu var bjargað. Hvað sem liði mótblæstri og kreppu, mundi höfuðstaðurinn um síðir fá virðulega og hentuga leikhúsbýggingu fyrir sjóð þann, sem stofnaður var 1923.

Vorið 1932 urðu stjórnarskipti. Fáum dögum eftir að ég fór úr menntamála-stjórninni, hafði hinn nýi stjórnarmeirihluti breytt lögnum um skemmtanaskatt og leikhússjóð, og skyldi féð nú renna í ríkissjóð til almennra þarfa. Engin mótmæli heyrðust frá andlegu forustufólki í höfuðstaðnum, hvorki leikfólki né öðrum. Aðeins einn kunnur höfuðstaðarbúi, Jón Þorláksson, bað leikhúsinu takmarkaðra griða. Lagði hann til, að ríkið tæki ekki leikhússjóðinn til sinna þarfa, fyrr en húið væri að húða bygginguna utan. Var hnigið að þessu ráði. Jón Þorláksson var of verkhygginn maður til að vilja láta þetta stórhýsi grotna niður af því, að regnið streymdi gegnum veggina. Þessi tillaga Jón Þorlákssonar varð áhrifarík að öðru leyti. Guðjón Samúelsson gerði þá þýðingarmiklu uppgötvun í sambandi við, að leikhúsið var steint að utan, að unnt væri að skapa mikinn breytileik og fegurð á steinhúsveggjum með því að nota mismunandi og litsterkar íslenzkar bergtegundir við húðun utanhúss. Hefur þessi uppgötvun gerbreytt útliti íslenzkra steinbygg- inga meira en nokkur önnur nýjung í byggingarfræðum.

Eftir að hinn nýi meiri hluti Alþingis, sem átti meginfylgi sitt í þéttbýli lands- ins, hafði svipt leikhúsbýgginguna öllum tekjum, kom að vonum alllangt kyrrstöðu- tímabil í sögu þessarar byggingar. Húsið stóð tómt og óviðgert, þar til brezkur her settist að í Reykjavík vorið 1940. Var setuliðið mjög húsvana og þótti, sem vonlegt var, mikill fengur að geta með góðri samvizku tekið þetta stóra hús bæði til íbúðar fyrir hermenn og einkum fyrir birgðaskemmu. Liðu svo mörg ár. Ég hitti oft að máli sendiherra Breta, Mr. Howard Smith, og fór þess á leit, að hann mælti með því, að setuliðið sleppti leikhúsinu, því að bæjarbúum væri hin mesta þörf á hús- inu, alveg sérstaklega vegna hinnar fjölmennu æsku í bænum, sem vantaði heppi- legan samkomustað. Hann tók málaleitun þessari með mikilli hæversku, eins og hans var vandi, en henti góðlátlega á, að Íslendingar hefðu sýnilega ekki mikla þörf fyrir húsið, þar sem þeir hefðu látið það standa tómt og óviðgert frá 1932 til 1940. Aftur á móti taldi hann bandamenn hafa mikla þörf fyrir húsið í þágu hins vestræna frelsis. Erfitt var að mæla móti þessum rökum. Hið mikla sinnuleysi allra, sem helzt hefðu átt að standa með leikhúsbýggingunni, hafði raunverulega gert byggingarnefndina áhrifalaus í allri sókn, eins og málum var nú komið. Meðan stóð á hernáminu, tókst okkur Þorsteini Þorsteinssyni sýslunanni að fá viljrði Alþingis fyrir litlu fjárframlagi til að hefja bráðabirgðaviðgerð á kjallara leik- hússins í því skyni að geta um stund geymt þar verðmætustu eignir forngripa- safnsins. Þó varð ekki úr þeim framkvæmdum. Jakob Möller var um þessar mundir fjárniálaráðherra og jafnframt formaður í þjóðleikhúsnefndinni. Beitti hann áhrif- um sínum í þá átt að fá Alþingi til að samþykkja, að leikhússjóður færi aftur að fá sínar lögmaletu tekjur af skemmtanaskatti. Tók nú að nýju að safnast fé í sjóð- inn. Leikhúsnefndin gerði auk þess kröfu til að fá endurborgað, sem skuld ríkis- sjóðs, allt það fé, sem leikhússjóði hefði borið frá 1932—1940. Fór svo, að Alþingi ákvað að láta skemmtanaskattinn renna í leikhússjóð, þar til húsið væri fullgert. Bretar borguðu síðan, eftir mati, leigu fyrir leikhúsið eftir sömu reglum og þeir höfðu greitt fyrir afnot af geymsluhúsum í Reykjavík. Þegar leið nær stríðslokum, tókst Vilhjálmi Þór sem utanríkisráðherra að fá Bretastjórn til að láta lið sitt rýma

leikhúsið. Hafði þá safnast allmikið fé í leikhússjóðinn, enda þurfti nú mikils með. Tók Guðjón Samúelsson húsameistari þar aftur til óspilltra mála, sem fyrir var frá horfið. Var húsið nú allt húðað innan, komið fyrir hita- og ljósalögnum, vatnsleiðslum og öðrum nauðsynlegum aðgerðum til að fullgera bygginguna. Stóð nú ekki á fé, heldur á vinnuafli og ýmiss konar aðfluttu efni. Mikið af því efni, sem helzt þurfti með, var torfengið nema í Ameríku og Svíþjóð. En gagnvart þeim löndum gætti gjaldeyriserfiðleika, og hefur oft staðið á nauðsynlegu efni, svo að mánuðum og jafnvel missirum skipti. Um síðustu áramót hafði fjármálaráðherra og viðskiptaráð leyst svo úr þeim vanda, að nú sýnist einsætt, að unnt verði að ljúka leikhúsbbyggingunni innan skamms, ef ekki koma óvæntar hindranir.

Vorið 1946 hófst óvæntur þáttur í sögu leikhússins. Brynjólfur Bjarnason kennslumálaráðherra skipaði nefnd til að undirbúa rekstur þess og krafðist að fá 60 þús. kr. úr leikhússjóði fyrir þessa nýju nefnd. Þjóðleikhúsnefndin hafði starfað kauplaust og haldið fundi sína í skrifstofum hinna ýmsu nefndarmanna. Nú var tekinn upp annar háttur. Þessar framkvæmdir Brynjólfs Bjarnasonar studdust ekki við fyrirmæli í lögum. Þjóðleikhúsnefndin taldi vafasamt, hvort löglegt væri að taka fé úr byggingarsjóði til að standa straum af tilkostnaði þessarar nýju nefndar. En að lokum afhenti hún ráðherra þetta fé, en lagði skriflega á herðar ríkisstjórninni alla ábyrgð í sambandi við þessa fjáreyðslu. Litlu síðar valdi rekstrarnefndin sér herbergi í leikhúsinu fyrir skrifstofu og bjó það vel að húsgögnum. Um sama leyti kvaddi Brynjólfur Bjarnason þul útvarpsins, Þorstein Ö. Stephensen til starfa fyrir þessa nefnd og hélt honum þó á launum hjá útvarpinu til áramóta, án vinnuskyldu. Fór Þorsteinn Stephensen síðan til útlanda og heimsótti ýmis leikhús. Mun hann og félagar hans í rekstrarnefndinni hafa unnið að undirbúningi löggjafar um þjóðleikhús í Reykjavík, þar sem gert er ráð fyrir, að skemmtanaskatturinn af öllu landinu renni til að standa straum af kostnaði við fjölmennan hóp fastra leikara og hljómsveitar við leikhúsið í Reykjavík. Hefjast nú að líkindum átök um meðferð skemmtanaskattsins. Nefnd sú, sem Þorsteinn Ö. Stephensen starfar fyrir, mun að líkindum sækja fast á að skattskylda landið allt til að hafa sem fjölmennast fast starfslið við leikhús höfuðstaðarins. Hins vegar koma fulltrúar annarra kaupstaða og byggðanna og krefjast, að skemmtanaskattinum verði framvegis varið til að styðja heppilegar samkomuhúsbyggingar hvarvetna um landið í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum og að þær byggingar verði notaðar jöfnum höndum við leiksýningar, söngskemmtanir, kvikmyndasýningar og allan almennan mannfagnað. Ef skemmtanaskatturinn verður allur látinn ganga til að launa leikendur í Reykjavík, má gera ráð fyrir, að aðrir kaupstaðir og byggðir landsins verði á ókomnum árum að hjargast við samkomuhús á borð við Iðnaðarmannahúsið í Reykjavík. Aðeins á einum stað á landinu væri þá um að ræða verulega gott hús fyrir leiklist og söng, og í þessu eina húsi væri fjölmenn sveit á föstum launum frá félögum um allt land við að skemmta áhorfendum. Alls staðar annars staðar væri um að ræða ófullkominn húsakost, og í þeim húsum yrði það listræna fólk, sem þar á heima, að búa við sömu erfiðu kringumstæðurnar og allir leik- og söngflokkar hér á landi hafa orðið að búa við fram að þessu. Engin skynsamleg rök mæla með því, að Akureyri eigi að greiða árlega mörg þús. kr. í skatt af sínum skemmtunum og aðrir bæir og byggðir hlutfallslega jafnmikið fé til þess eins að tryggja föst árslaun handa nokkrum tugum manna við leikhús í Reykjavík, byggingu, sem húsið er að reisa með aldarfjórðungs samstarfi og fórnnum fólks úr öllum byggðum landsins.

Forsvarsmenn embættisleikaranna í Reykjavík gæta þess ekki, að íslenska þjóðfélagið er of mannfátt til að taka beinlínis til fyrirmyndar alla eyðslu í stærri löndum. Danir eru nálega fjörutíu sinnum fleiri en Íslendingar, og þrátt fyrir það hefur áratugum saman verið háð hörð barátta í Danmörku um það, hvort ríkið gæti lagt á þjóðina tekjuhalla þjóðleikhússins. Má af því geta sér til, hversu þung byrði það mundi verða fyrir ríkissjóðinn íslenska að bæta á sig ótilteknum út-

gjöldum við ríkisstarfrækt leikhús. Starfshættir byggingarnefndar leikhússins og rekstrarnefndarinnar gefa ljósa hugmynd um, hve skammt frá fórnfýsi fyrri daga er yfir í stríðsgróðafjáreyðslu, þegar ríkið á að borga reikninginn. Íslenzk leiklist hefur fram að þessu verið borin fram til sigurs af sjálfboðaliðum, og sú sókn hefur náð til allrar þjóðarinnar. Börn í barnaskólum, unglingar milli fermingar og tvítugs, fullorðið fólk í öllum stéttum þjóðfélagsins hefur meiri eða minni hæfileika til að taka þátt í leikmennt. Um alla sýnilega framtíð verður íslenzk leiklist að treysta á sjálfboðaliða, sem iðka list sína í hjáverkum með borgaralegum störfum. Engar líkur eru til, að Ísland muni eignast leikendur, sem verði fremri Gunnþór- unni Halldórsdóttur, Stefaníu Guðmundsdóttur, Guðrúnu Indriðadóttur, Soffíu Guð- laugsdóttur, Öldu Möller, Sigrúnu Magnúsdóttur, Jens Waage, Friðfinni Guðjóns- sýni, Haraldi Björnssýni, Indriða Waage eða Gesti Pálssýni, þó að nokkrar tyfltir atvinnuleikara væru gerðar að embættismönnum. Og þó að þjóðin hefði slíkan embættisleikaraflokk í Reykjavík, væri ekki um annað að ræða utan höfuðstaðar- ins en áhugalið, sem sinni leikstörfum í hjáverkum við ytri kjör, sem bentu á al- gerða vanrækslu frá hendi þjóðfélagsins. Ef gerður væri sá munur á leiklist og leikþörf höfuðstaðarbúa og annarra manna í landinu, eins og Þorsteinn Ö. Stephen- sen ætlast til með tillögum sínum, væri með ótrúlegri skammsýni verið að sýna því fólki, sem byggir landið utan Reykjavíkur, að því beri að hrista sem fyrst af fótum sér ryk smákaupstaða og dreifbýlis, leggja landið í auðn og flykkjast inn í höfuðborg, sem innan skamms mun eiga í miklum erfiðleikum með að framfæra allt sitt heimafolk.

Ekki verður heldur séð af þessu sögulega yfirliti, að höfuðstaðarbúar hafi sýnt áhuga fremur öðrum landsmönnum við að skapa íslenzkri leiklist bætt skil- yrði. Í Reykjavík hafa að visu komið fram á sjónarsviðið margir mjög álitlegir leikarar, sem hafa með tómsundavinnu sinni gert Reykjavík gagn og sæmd. Margir af þessum leikurum eru fæddir og upp aldir utan höfuðstaðarins og eru innflytj- endur í hann. En þar að auki er hvarvetna á landinu efniviður í jafngóða leikara og í Reykjavík, og hafa margir þeirra komið langt í list sinni við lífsskilyrði, sem eru miklu erfiðari en leikendur í Reykjavík eiga við að búa.

Sú stefna að skattleggja fyrst alla þjóðina til að koma upp góðu leikhúsi í Reykjavík og síðan til að halda þar á föstum launum fjölmennu liði embættis- leikara, verður ekki studd með því, að höfuðstaðurinn hafi sýnt eindregnari áhuga fyrir því en annað fólk, að stofnsett verði myndarlegt leikhús í höfuðstað- num. Indriði Einarsson stóð mjög faliðaður í baráttu sinni, þar til hann fékk árið 1923 lífsstyrk úr hópi „utanbæjarmanna“ á þingi. Þjóðleikhúsnefndin og mennta- málaráðuneytið fengu nálega engan stuðning frá því fólki, sem talið er standa í far- arbroddi andlegra mennta í höfuðstaðnum, þegar hættan var mest. Áður en kreppan mikla skall á 1930, var að því komið, að sjóður leikhússins yrði tekinn til annarra þarfa. Og þegar hin mikla árás var gerð á leikhússjóðinn 1932, sást, að Indriði Einarsson gat ekki haldið velli með stefnu sína, þegar hann var sviptur þeim lífs- styrk, sem handamenn hans úr dreifbýlinu höfðu veitt honum, þar til þeir voru um stund ofurliði bornir af yfirséttarvaldi Reykjavíkur. Þegar leið að leikslokum, eftir að friður fór að nálgast í seinni heimsstyrjöldinni, voru það enn sem fyrr menn úr bandalaginu frá 1923, sem björguðu málinu. Kjarni málsins er, að áhuga- menn úr Reykjavík og dreifbýlinu hafa með aldarfjórðungsvinnu getað tryggt Reykjavík gott leikhús og sönghöll með því að skattleggja kaupstaði, kauptún og sveitir um aldarfjórðungsskeið í þessu skyni. Nú er röðin komin að hinum kaup- stöðunum og byggðunum. Öll skynsamleg rök hníga að því, að nú eigi að láta skemmtanaskattinn starfa til að koma upp nýjum góðum leikhúsum út um allt land og hvíka ekki frá þeirri stefnu, fyrr en reist hafa verið góð og myndarleg sam- komuhús um allt land.

Nú munu margir segja, að leikfélagið í Reykjavík geti ekki risið undir rekstri hins nýja leikhúss. Þetta er ósennilegt. Í hálfra öld hefur leikfélagið orðið að leigja

lítið og dýrt hús vegna starfsemi sinnar. Þar hefur vantað flest ytri þægindi, sem léttu undir störf leikarans. Þar hefur skort geymslu og verkstæði við undirbúning leiksýninga. Íðnó hefur auk þess verið notað til margháttaðra annarra skemmtana og fundarhalda. Leikfélag Reykjavíkur hefur hvergi haft höfði sínu að að halla, og sömu erfiðleikar hafa orðið á vegi allra annarra leikfélaga á landinu. Hér er lagt til, að ríkisstjórnin láni Leikfélagi Reykjavíkur hið nýja stórhúsi til nokkurra ára í senn með tilteknum samningi. Mér finnst, að húsið eigi að vera leigulaust, en viðhald hvíli á leikfélaginu og tilteknar kvaðir, svo sem að tónlistarskólinn geti starfað þar við sanngjörn skilyrði, þar til hann fær sitt eigið húsnæði. Sanngjarnt yrði einnig, að ekki þyrfti að greiða almennan skatt af húsinu fremur en af skólum og sjúkrahúsum. Leikfélagið ætti að geta haft stórfelldar tekjur af húsinu. Þar verða um 800 sæti. Ef gert er ráð fyrir, að leiksýningar verði þrisvar í viku nema um hásumarið, getur leikstarfsemin orðið miklu arðsamari en áður. Þá verður leitað til leikhússins með salarkynni fyrir samsöngva og hvers konar tónmennt. Er þar þörf úrbóta, því að um mörg undanfarin ár hafa hljómléikar í höfuðstaðnum aðallega verið haldnir eftir háttatíma, og sýnir það mikinn áhuga höfuðstaðarbúa, að þeir hafa sinnt þessum samkomum, þó að gestirnir hafi búið við svo hörmuleg skilyrði. Þá kæmu að sjálfsögðu til greina kvikmyndasýningar, og geta þær verið haldnar við hin beztu skilyrði, þau kvöld, sem ekki er um að ræða leiksýningar eða tónmennt. Þar sem þessar kvikmyndasýningar mundu verða hliðsettar öðrum opinberum kvikmyndarekstri, er enginn vafi á, að hér er um mikla tekjuvon að ræða. Á sumrin verður leikhúsið vafalaust notað til að halda þar alþjóðamót, ef til þeirra er efnt á Íslandi, og má segja, að húsakynni leikhússins verði jafngóð og unnt er að bjóða í mörgum stórborgum. Auk þess eru í leikhúsinu margir minni salir og einstök herbergi, sem má leigja til tekjuauka fyrir leikfélagið í Reykjavík sem leigutaka hússins. Meðal annars verður í kjallara leikhússins aðstaða til að hafa veitingasölu bæði til þæginda og tekjuöflunar fyrir þá, sem starfrækja leikhúsið.

Eins og sjá má af þessu yfirliti, getur leikhúsið veitt Leikfélagi Reykjavíkur miklar tekjur. Auk þess fer vel á, að Reykjavíkurbær veiti leikfélaginu nokkurn árlegan styrk, eins og hingað til, ef þess þarf með. Mælir öll sannsýni með því, að höfuðborgin sýni í verki samúð með starfi leikfélagsins, þar sem þjóðin öll hefur sameinað krafta sína til að reisa leikhúsið. Þá gæti að sjálfsögðu komið til mála, að ríkið styrkti Leikfélag Reykjavíkur í hlutfalli við þann stuðning, sem veittur yrði af almannafé til hinna minni leikhúsa um land allt.

Þegar lítið er á þá aðstöðu, sem Leikfélag Reykjavíkur fær með afnotarétti af leikhúsbyggingunni og þær margháttuðu tekjur, sem húsið mun veita félaginu, er sennilegt, að félagið geti, ef því sýnist, haft nokkra starfsmenn á föstum launum þegar í stað. Eftir því sem leikhúsið er betur starfrækt, verða tekjur félagsins meiri, enda getur það þá lagt í meiri kostnað. En fyrir leikfélagið, Reykjavíkurbæ og þjóðina alla verður bezt að láta leikstarfsemi í borg og byggð vera sem allra mest í höndum áhuga- en ekki atvinnumanna. Þjóðin hefur nú þegar allt of margmennt starfsmannaskipulag, og er enginn vafi á, að innan skamms verður af fjárhagslegum ástæðum að gerbreyta því í sparsemdarátt. Fer þá vel á að hafa ekki siglt leiklistarskútunni á sker með ógætilegri eyðslu, heldur gætt í þessum efnun hófsemi og sanngirni, svo að engin stétt og enginn landshluti verði fyrir borð borinn um réttmæta hagsmuni.

Skipulag og meðferð leikhúsa í Reykjavík og meðferð skammtanaskattsins verður áður langt um líður ákveðin af Alþingi. Búast má við, að til séu í höfuðstaðnum þeir menn, sem beita vilji ofurkappi til að skapa borg sinni forréttindaaðstöðu. Mikill hluti þingmanna er nú búsettur í Reykjavík, en mikill meiri hluti þeirra á þó umbjóðendur í öðrum kaupstöðum, kauptúnum og byggðum. Mun því vafalaust verða veitt eftirtekt af öllum landslýð, hversu mikil sanngirni og réttlætiskennd verður sýnd við hina endanlegu lausn málsins. Reykjavík fær sitt mikla og góða leikhús fyrir drengilega samvinnu dugandi manna í höfuðstaðnum og af landsbyggðinni. Hlutur Reykjavíkur er nú leystur, svo sem bezt má verða. En hinir kaupstaðirnir og dreifbýlið bíða eftir sínum leikhúsum. Þar vonast menn eftir, ekki einungis stuðningi frá áhugamönnum í höfuðstaðnum, heldur og eins konar vinsamlegu endurgjaldi til annarra kaupastaða, kauptúna og sveita fyrir þann stuðning, sem Indriði Einarsson og Jakob Möller fengu frá „utanbæjarmönnum“, þegar þeir þurftu bandamanna við til að hrinda áleiðis vinfáu áhugamáli þeirra til menningarauka í Reykjavík.